

Stjórnarfundur FKA #6

Starfsár: 2024-2025

Staður: TEAMS

Dagsetning: 07.11.2024

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS), Jasmina Vajzovic Crnac (JVC), Sandra Yunhong She (SYS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Guna Mežule (GM)

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra (AR) Austurlandsdeildin mun ekki detta út - komin ný stjórn.
12:20-12:35	3	Heimasíðan staðan (GHJ, AR og HBS) GHJ segir allt ganga mjög vel. Góður fundur með Kaktus í gær - gott að vinna með þeim. Innifalið í samningnum er tveggja klukkustunda vinna í mánuði. AR talaði við Orra hjá Kaktus um hvenær við færum úr innleiðingarferlinu - láta vita áður en þeir breyta yfir í þjónustusamninginn. Síðan var opnuð án þess að vera áberandi - svo að öll vandamálin kæmu fram áður en við opnum hana formlega. Markmiðið með allri þessari vinnu er að auðvelda ferla - að nýja síðan fækki handtökum, verði sjálfvirkari, og létta þannig á AR og Mundakoti. Margt er ekki búið að ganga frá - eins og þegar félagskonur hætta, en það er allt ennþá handvirk. Það á eftir að fara almennilega yfir hvað átti að vera í fasa 1 og hvað er eftir - Marta Pálsdóttir var með skjal um þetta.

		Væri gott að gera notendaleiðbeiningar sem yrðu bæði aðgengilegar á síðunni sjálfri og á lokaða hóp FKA á facebook. Mælingar á heimsóknum kostar ekkert - gott að sjá tölulegar upplýsingar um hversu margir skoða síðuna, hvað er mest skoðað og hversu löngum tíma er eytt á síðunni. Rætt var um persónuvernd því félagatalið er alveg opið - símanúmer og netföng aðgengileg öllum. Spurning hvort það væri best ef félagskonur gætu sjálfar valið hvort að þeirra upplýsingar séu sjáanlegar og þá almenningi eða einungis félagskonum FKA. GHJ ætlar að heyra í Elfi Logadóttur þar sem hún hefur unnið með persónuverndarmál hjá FKA og biðja um hennar álit. GHJ og HBS skoða þetta mál nánar og upplýsa stjórn. Greiðsludreifing - bankar eru farnir að afgreiða þetta, t.d. gegnum greiðslukort. Við höfum ekki boðið upp á kortagreiðslur en kannski tími til að endurskoða það. Athuga hvort bankar bjóði upp á að dreifa greiðslum í heimabanka án kortagreiðslu.
12:35-12:40	4	Stefnumótun og gildin - framsækni/valdaefling/samvinna (UEA) – tilgangur og skipurit sett á heimasíðu Fundur í dag varðandi þetta - frekari upplýsingar síðar.
12:40-12:50	5	Rekstraráætlun samþykkt (ISS + AR og UEA) AR fer yfir rekstraráætlun og verður hún undirrituð af stjórn eftir fundinn. Umræða um félagsgjöld og hvort það ætti að hækka þau. Umræður um hvernig væri hægt að koma í veg fyrir að félagskonur skrái sig á viðburði en mæta ekki án þess að afboða sig. ÁYJ stingur upp á að rukka lága upphæð, kannski 1.000kr, á viðburðina - meiri skuldbinding. Sú leið er talin of mikil auka vinna fyrir AR sem þyrfti þá að endurgreiða þeim sem afboða. Þurfum að búa til nýja menningu innan félagsins - segja hvað er verið að gera fyrir hverja félagskonu og ef að þær mæta ekki á viðburði og láta ekki vita þá er verið að sóa t.d. mat.

12:50-13:00	6	Styrktaraðilar og stóru penslarnir í rekstraráætlun (IS + AR) ISS segir frá áframhaldandi samningi við Coke sem er samþykkt af stjórn. Rætt um mögulega styrktaraðila næsta árs og gefur stjórn samþykki á að ræða við nokkur fyrirtæki. Rætt um mikilvægi þess hvaðan styrkir koma, við viljum vera stolt af samstarfsaðilum. Skoða hlutfall kvenna hjá fyrirtækjunum og stöðu kvenna í framkvæmdastjórn.
13:00-13:05	7	Fjármagn deilda, landsbyggðadeilda kynnt fyrirkomulag, skipting (UEA + ISS) Fundað var nýlega með deildum og stjórn þar sem farið var yfir breytingar. Allar deildir fengu póst um að samþykkja breytingarnar - flestar búnar að staðfesta móttöku. Mikilvægt að stjórn og AR hitti þær deildir reglulega.
13:05-13:10	8	Jafnvægisvog (GG) GG segir mikil ánægja hafi verið með hátíðina og að allt hafi gengið mjög vel. GG fannst þurfa að bæta upplýsingaflæði til stjórnar. Stjórn var beðin að skoða að fella niður félagsgjöld Bryndísar, verkefnastjóra, og Ástu Dísar, formann Jafnvægisvogarráðs. Hefur stjórn áður tekið þessa umræðu um niðurfellingu félagsgjalda fyrir aðalstjórn og stjórnir deilda, þar sem niðurstaðan hefur alltaf verið að fella ekki niður félagsgjöld. Ákveðið var að fresta þessari umræðu.
13:10-13:15	9	Viðurkenningarhátíð staðan, dómara o.fl. (GHJ + UEA + GG) GHJ segir það hafa verið flókið að finna dómnefnd og að mjög mikil vinna hafi farið í það verkefni. Bendir á að það séu engar fastar reglur um samsetningu dómnefndar. Mikilvægt er að velja dómnefnd sem þekkir vel íslenskt atvinnulíf, að dómnefndin sé fjölbreytt (kyn, atvinnugrein, uppruni, menntun o.fl.) og að aðilar geti talað saman á íslensku. UEA segir að stjórnarkonan sem er í dómnefndinni hafi fullt vald til að velja dómnefnd, hefur fullt traust stjórnar. Skipulag hátíðarinnar gengur vel. Næsta skref er að fá inn tilnefningar að viðurkenningarhöfum.

13:15-13:30	10	Önnur mál a) Kvennaár 2025 - eftirfylgni kröfugerðar og bíó (JVC) JVC og AR mættu 24. Okt á opnunarhátíð kvennaársins í bíó paradís. Viðburðurinn heppnaðist mjög vel og var mikil ánægja. Þar fengu allir stjórnmalaflokkar afhentar kröfur. JVC tók þátt í að lesa upp kröfurnar á viðburðinum. Fundur með framkvæmdastjórn verður seinna í dag varðandi næstu skref og mun JVC upplýsa stjórn. b) AWE (GA) GA fjarverandi - þurfti að fara af fundinum. Næsti fundur verður 21. nóvember. Ameríska sendiráðið mjög opið í samstarf, að vera milliliður inn á bandarískan markað. c) Skrifstofa lokuð 23/12 2024-1/1 2025 (UEA + GG) AR fer í frí
-------------	----	---

Fundi slitið klukkan 13:28
Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir